

Framtaks er þörf

SKOÐUN | 06:00 | 21. DESEMBER 2011



Þorkell Sigurlaugsson stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands

ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Þegar Framtakssjóður Íslands var stofnaður í desember 2009, fyrir tveimur árum, var staðan í íslensku atvinnulífi um margt sérstök. Fjöldmörg fyrirtæki höfðu lent í verulegum erfiðleikum og leystu bankarnir þau til sín. Það var ljóst að eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum yrði aldrei til frambúðar og nauðsynlegt að skapa farveg fyrir eðlilegt eignarhald. Fjárfestar, meðal annars lífeyrissjóðir, voru illa brenndir af hruninu og almenningur hafði misst tiltrú á hlutabréfamarkaði. Við þessar aðstæður ákváðu 16 lífeyrissjóðir að stofna Framtakssjóðinn, sem hefði það að markmiði að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Markmiðið var að byggja upp öflug fyrirtæki og um leið skila góðri ávöxtun til fjárfesta. Það er ekki markmið Framtakssjóðsins að eiga fyrirtæki til lengri tíma, þvert á móti á Framtakssjóðurinn að selja eignarhluti sína að hluta eða öllu leyti innan nokkurra ára, eða þegar hlutverki hans er lokið, meðal annars með skráningu á hlutabréfamarkað.

Góð tækifæri – góður árangur

Það er lykilatriði í starfsemi Framtakssjóðsins að ná góðri ávöxtun á það fjármagn sem bundið er í sjóðnum og er að mestu í eigu almennings í landinu og ná þannig til baka hluta þeirra fjármuna sem töpuðust við hrunið. Sjóðurinn er 54 milljarðar að stærð og hefur þegar fjárfest fyrir um 60% af þeirri fjárhæð í 8 fyrirtækjum. Nálgun Framtakssjóðsins í fjárfestingum er ólík því sem áður tíðkaðist því sjóðurinn tekur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun þeirra fyrirtækja sem hann fjárfestir í. Áhugavert er að skoða þrjú dæmi um þann árangur sem náðst hefur;

Í Framtakssjóðurinn kom að fjárhagslegri endurskipulagningu Icelandair Group sumarið 2010 með kaupum á tæplega 30% hlut í félaginu fyrir um 3,6 milljarða króna sem var hlutafjárúkning í fyrirtækinu. Margir hafa gleymt því að þá var félagið mjög skuldsett og í rekstrarvanda samhliða óvissu í tengslum við eldgos. Vitnað var í Warren Buffett að hann keypti ekki hlut í flugfélögum og haldinn sérstakur umræðufundur þar sem þessi fjárfesting var gagnrýnd. Framtakssjóðurinn seldi 10% hlut í nóvember fyrir um 2,7 milljarða króna og hefur þannig nú þegar skilað til baka til eigenda þremur fjórðu hlutum fjárfestingarinnar. FSÍ heldur eftir 19% hlut sem er nú að markaðsvirði um 5 milljarðar króna.

Í Icelandic Group, sem er sölu- og framleiðslufyrirtæki sjávarafurða, hefur verið endurskipulagt og erlendar eignir seldar fyrir um 41 milljarð króna á árinu 2011. Í stað fyrirtækis í miklum rekstrarerfiðleikum, stendur eftir öflugt fyrirtæki, sem er vel í stakk búið til að þjóna

íslenskum sjávarútvegi, með um 80 milljarða króna veltu, sterka eiginfjárstöðu og starfsemi á Íslandi, í Evrópu og Asíu.

Í Að lokum má nefna að Húsasmiðjan hefur nú verið seld í opnu sölufurli til öflugrar danskrar verslanakeðju, Bygma. Það er ánægjulegt að sjá erlendan aðila kaupa íslenska verslunarkenndu og mun það verða starfsfólki fyrirtækisins og almenningi til hagsbóta. Með sölu á Húsasmiðjunni hefur tekist að bjarga verðmætum og atvinnu starfsfólks, auk þess að fá öflugan erlendan aðila til að fjárfesta í byggingavörumarkaðnum hér á landi með auknu vöruframboði og samkeppnishæfu verði.

Vandaðir stjórnarhættir

Framtakssjóðurinn á nú umtalsverðan eignarhlut í 7 fyrirtækjum þ.e. SKÝRR, Vodafone, N1, Plastprent, Promens, Icelandair Group og Icelandic Group. Alls sitja 18 einstaklingar í stjórnnum fyrirtækja á vegum Framtakssjóðsins, 10 konur og 8 karlar. Þessir einstaklingar hafa víðtæka reynslu úr íslensku atvinnulífi og þeirra hlutverk er að vinna að hagsmunum viðkomandi fyrirtækja, setja skýr rekstrarmarkmið og fylgja þeim eftir.

Strangar kröfur eru gerðar um stjórnarhætti í öllum félögum og markmiðið að fyrirtækin séu þar í fararbroddi í íslensku atvinnulífi. Áhersla er lögð á gegnsæi og upplýsingagjöf og eru árshlutauppgjör og ársreikningar birtir á vef Framtakssjóðsins.

Á næstu þremur árum er stefnt að því að um 90% af núverandi eignum Framtakssjóðsins verði skráð á hlutabréfamarkað sem mun hafa mikla þýðingu fyrir almenning og fjárfesta. Fjármunum sem fást við sölu eigna er skilað til eigenda sjóðsins en ekki endurfjárfest í nýjum verkefnum.

Höldum áfram

Framtakssjóður Íslands og lífeyrissjóðirnir hafa á síðustu tveimur árum tekið virkan þátt í uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Þar hefur vel tekist til og mikilvægt fyrir lífeyrissjóðina að sýna áfram framtak og forystu við uppbyggingu atvinnulífsins samhliða því að byggja upp hlutabréfamarkað, aflétta gjaldeyrishöftum og koma eignarhaldi fyrirtækja út úr bankakerfinu. Jafnframt þarf að tryggja það að trúverðugleiki skapist á hlutabréfamarkaði, samþjöppun verði ekki of mikil og aldrei endurtaki sig þeir viðskiptahættir sem tíðkuðust hér á landi á árunum 2003-2008. Höldum áfram á árinu 2012. Það er enn mikið verk að vinna.